

SAMNINGUR

um starfsskilyrði nautgripæræktar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands gera með sér eftirfarandi samning um starfsskilyrði nautgripæræktar skv. 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Samningur þessi felur í sér stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem verið hefur við lýði síðasta aldarfjórðung. Stefnt er að því að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði. Ákvörðun um afnám kvóta árið 2021 verður þó ekki tekin fyrr en á árinu 2019. Stuðningsformi ríkisins er breytt og byggist á fleiri viðmiðum en áður. Samið er um breytt fyrirkomulag við verðlagningu mjólkur. Þá er í samningnum tekinn upp með nýjum hætti stuðningur við framleiðslu á nautakjöti.

1. gr.

Markmið sammingsins

1.1 Meginmarkmið sammings þessa er að efla íslenska nautgripærækt, skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samningnum er ætlað að hvetja til þróunar og nýsköpunar í greininni með heilnæmi og gæði afurða, velferð dýra og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

- Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu nautgripaafurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.
- Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.
- Að stuðla að fjölbreyttu framboði gæðaafurða á sanngjörnu verði fyrir innanlandsmarkað.
- Að gætt sé sjónarmiða um dýravelferð og heilnæmi afurða.
- Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni og skapa aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum.
- Að greinin geti endurnýjað framleiðsluáðstöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa.

2. gr.

Skilyrði greiðslna

- 2.1 Þeir einir fá greiðslur samkvæmt samningi þessum sem stunda nautgripærækt á lögbýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og að starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
- 2.2 Skilyrði fyrir greiðslum er þátttaka í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og fullnægjandi skil á skýrslum.
- 2.3 Hjón og sambylifsfolk sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir að greiðslum samkvæmt samningnum sé skipt jafnt á milli aðila.

3. gr.

Greiðslumark mjólkur

- 3.1 Heildargreiðslumark mjólkur og greiðslumark einstakra lögbýla skal ákveðið fyrir árin 2017-2020 með sama hætti og fyrir árið 2016. Heildargreiðslumark fellur niður þann 1. janúar 2021 nema annað verði ákveðið við endurskoðun sammingsins 2019. Greiðslumark einstakra lögbýla heldur gildi sínu, með áorðnum breytingum, sem viðmið fyrir beingreiðslur (áður A-greiðslur) til 31. desember 2025.
- 3.2 Greiðslur út á greiðslumark (áður A-greiðslur) breytast í samræmi við töflu 1 í viðauka 1.
- 3.3 Framleiðslukvöð til að fá fullar greiðslur út á greiðslumark (áður A-greiðslur) skal ákveðin árlega, til og með 2020, samkvæmt tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga. Greiðslumark framleiðenda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár innleysir ríkið án þess að bætur komi fyrir. Áður en til þess kemur er framleiðendum heimil innlausn samkvæmt grein 3.5.
- 3.4 Viðskipti með greiðslumark milli handhafa eru óheimil frá gildistöku sammingsins. Tilfærsla þess milli lögbýla er óheimil frá þeim tíma, nema milli lögbýla í eigu sama aðila, sjá þó greinar 3.5 og 3.6.
- 3.5 Ríkið hefur innlausnarskyldu á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni á árunum 2017-2019. Innlausn fari fram með þeim hætti að greiðslumarkshafi fái greitt tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark (áður A-greiðslna) sem eftir eru. Matvælastofnun annast innlausn og sölu greiðslumarks.
- 3.6 Greiðslumark sem innleyst er samkvæmt grein 3.5 skal boðið til sölu á því verði sem ríkið greiddi við innlausn. Greiðslumark innleyst samkvæmt grein 3.3 skal boðið til sölu á sama verði. Framleiðendur sem teljast nýliðar eða hafa hafa framleitt a.m.k. 10% umfram greiðslumark á árunum 2013-2015 skulu hafa forgang að kaupum upp að ákveðnu marki. Komi til þess að innleyst greiðslumark seljist ekki þannig að ekki verði jöfnuður á innlausn og sölu greiðslumarks skal því mætt með skerðingu á öðrum liðum sammingsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.

4. gr.

Greiðslur út á innvegna mjólk

- 4.1 Greiðslur á innvegna mjólk (áður B og C-greiðslur) eru greiddar mánaðarlega á alla innvegna mjólk óháð greiðslumarki. Heildarupphæð árlegs stuðnings skiptist í 12 jafna hluta þannig að jafnhá upphæð er greidd í hverjum mánuði óháð framleiðslumagni. Upphæðin í hverjum mánuði deilist jafnt á alla innvegna lítra í þeim mánuði.
- 4.2 Greiðslur á innvegna mjólk breytast í samræmi við töflu 1 í viðauka 1.

5. gr.

Gripagreiðslur

- 5.1 Gripagreiðslum skal ráðstafað til aðila sem eiga kýr, sem skráðar eru í afurðaskýrsluhaldi og bera kálfi a.m.k. annað hvert ár. Heildargripagreiðslur verða eins og sýnt er í töflu 1 í viðauka I. og skiptast þær í tvo flokka, mjólkurkýr og holdakýr. Skipting heildarupphæðar milli flokkanna miðast í upphafi við 25.000 mjólkurkýr og 3.000 holdakýr. Sú skipting verður endurskoðuð árlega af framkvæmdanefnd búvörusamninga. Árlega verður greiðslumark sem til ráðstöfunar eru í hvorum flokki deilt

á allar skýrslufærðar kýr í viðkomandi flokki. Greiðslur til hvers framleiðanda ráðast af fjölda kúa á hverju búi samkvæmt töflu 2 í viðauka I.

6. gr.

Framleiðslujafnvægi

- 6.1 Fjárhæðum samkvæmt þessum lið verður ráðstafað ef bregðast þarf við breytingum í framboði og eftirspurn á markaði. Árlegar fjárhæðir eru sýndar í töflu 1 í viðauka 1. Af þessum lið verður heimilt að ráðstafa fjármunum í eftirtalin verkefni:
- Eflingu á markaðsfærslu nautgripaafurða.
 - Sérstakar uppbætur fyrir slátrun kálfa og kúa.
 - Tilfærslu í aðra framleiðslu á kúabúum.
 - Tímabundnar býlisgreiðslur óháðar framleiðslu.
- 6.2 Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu um ráðstöfun fjár samkvæmt þessari grein. Verði fjármunir samkvæmt grein 6.1 ekki nýttir á viðkomandi ári skal þeim ráðstafað á aðra liði samningsins.

7. gr.

Kynbótastarf

- 7.1 Veitt verða framlög vegna kynbóta- og sæðingastarfsemi í nautgriparækt samkvæmt töflu 1 í viðauka 1.

8. gr.

Fjárfestingastuðningur

- 8.1 Fjárfestingastuðningur verður greiddur samkvæmt töflu 1 í viðauka 1. Tilgangur hans er að stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd. Greidd verða framlög vegna nýframkvæmda og endurbóta á eldri byggingum sem varða umhverfi, aðbúnað og velferð gripa. Framlög geta numið allt að 40% stofnkostnaðar, en hver framleiðandi getur þó ekki fengið herra framlag en 10% af árlegri heildarupphæð fjárfestingastuðningsins.

9. gr.

Greiðslur vegna nautakjötsframleiðslu

- 9.1 Veittur verður stuðningur við framleiðslu nautakjöts sem hefur það að markmiði að auka framboð og gæði nautakjöts. Árlegar greiðslur verða samkvæmt töflu 1 í viðauka 1 og verður framlögum ráðstafað annars vegar til einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erfðaeftni holdanautgripa og hins vegar til að greiða sláturálag á nautakjöt sem uppfyllir tilgreindar gæðakröfur.
- 9.2 Á fyrsta ári samningsins renna 100 m.kr. til stofnkostnaðar við einangrunarstöðina. Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákvarðar að öðru leyti ráðstöfun framlaga samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Tilfærslur og hámarksgræiðslur

- 10.1 Heimilt er samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga að færa upphæðir milli einstakra liða samningsins, allt að 20% árlega af hverjum lið, öðrum en greiðslum út á greiðslumark samkvæmt grein 3.2.

- 10.2 Hver framleiðandi getur ekki fengið framlög sem nema herra hlutfalli en 0,7% af árlegum heildarframlögum samkvæmt samningi þessum.

11. gr.

Verðlagsuppfærsla

- 11.1 Árleg framlög samkvæmt samningi þessum miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

12. gr.

Verðlagning

- 12.1 Afurðastöðvum verður heimilað að verðleggja mjólk til framleiðenda og ákvarða heildsöluverð á mjólkurafurðum. Þó skal opinber aðili ákveða lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk innan greiðslumarks fram til 1. janúar 2021, sem byggja á skilgreindri vísitölu framleiðslukostnaðar og upplýsingum um afkomu bænda.
- 12.2 Afurðastöð sem tekur á móti að minnsta kosti 80% mjólkur verður gert skylt að safna mjólk frá framleiðendum um land allt og greiða þeim sama verð óháð búsetu. Þá verður slíkri afurðastöð skylt að selja afurðir á sama heildsöluverði hvar sem er á landinu. Einnig að selja öðrum vinnsluaðilum tiltekið magn af mjólk og mjólkurafurðum til frekari vinnslu samkvæmt verðskrá sem opinber aðili staðfestir.
- 12.3 Opinber aðili skal setja markaðsráðandi afurðastöð tekjumörk á innlendum markaði. Tekjumörk skulu taka mið af breytilegum og föstum kostnaði auk arðsemi sem skilgreind er af opinberum aðila. Bókhaldslegur aðskilnaður skal vera á innlendri og erlendri starfsemi markaðsráðandi afurðastöðvar.

13. gr.

Tollvernd

- 13.1 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun beita sér fyrir breytingu á tollalögum til að breyta magntollum á mjólkur- og undarrennuþufti og ostum til sama raunverðs og gildi í júní 1995.

14. gr.

Endurskoðun samnings

- 14.1 Endurskoðun samnings fari fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðslan hefur þróast, bæði í mjólk og nautakjöti, hvaða árangur hefur náðst við útflutning mjólkurafurða og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir.
- 14.2 Við endurskoðun 2019 skal taka afstöðu til hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu verði afnumið frá og með 1. janúar 2021. Verði niðurstaðan sú að afnema ekki kvótakerfið mun framhald þess byggjast á grunni fyrra kerfis.
- 14.3 Við endurskoðun 2019 munu Bændasamtök Íslands láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðenda um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið frá og með 1. janúar 2021.

14.4 Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Aðilar geti þá ákveðið að hefja viðræður um nýjan samning sem geti tekið gildi árið 2025.

15. gr.

Fyrirvarar

15.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem leiða af ákvörðun Alþingis.

16. gr.

Framkvæmd, gildistími og fyrirvarar

16.1 Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2026.

16.2 Samningsaðilar skulu hafa reglubundið samráð um framkvæmd samningsins og fer það samráð fram á vettvangi framkvæmdanefndar búvörusamninga. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins eru aðilar sammála um að skipaður verði hverju sinni þriggja manna gerðardómur til að skera úr um ágreiningsefni. Aðilar tilnefni hvor fyrir sig einn mann í dóminn. Leitað skal til Hæstaréttar Íslands um að tilnefna formann dómsins, nema aðilar komi sér saman um oddamann. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir samningsaðila.

16.3 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kveður nánar á um útfærslu einstakra verkefna samnings þessa í reglugerð.

16.4 Samningur þessi er undirritaður f.h. ríkisstjórnar Íslands með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis. Af hálfu Bændasamtaka Íslands er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um samþykki kúabænda.

16.5 Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum. Skulu Bændasamtök Íslands halda einu, Landssamband kúabænda einu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra einu og fjármála- og efnahagsráðherra einu.

Reykjavík, 19. febrúar 2016

F.h. ríkisstjórnar Íslands

F.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Sigurður Loftsson
formaður Landssambands kúabænda

Viðauki I

Tafla 1 – Fjárhæðir í m.kr.

Nautgripir	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Greiðslur út á greiðslumark - 3. grein	1.942	1.934	1.927	1.633	1.355	1.074	798	527	260	0
Greiðslur út á innvegna mjólk - 4. grein	2.629	2.619	2.609	2.688	2.949	3.193	3.431	3.665	3.894	4.117
Gripagreiðslur - mjólkurkúr - 5. grein	1.175	1.171	1.166	1.298	1.293	1.282	1.271	1.259	1.248	1.237
Gripagreiðslur - holdakúr - 5. grein	141	140	140	156	155	154	152	151	150	148
Framleiðslujafnvægi - 6. grein	99	98	98	97	97	96	95	94	93	92
Kynbótastarf - 7. grein	197	196	196	193	193	191	189	188	186	184
Fjárfestingastuðningur - 8. grein	193	192	191	189	188	187	185	183	182	180
Nautakjötsframleiðsla - 9. grein	173	98	121	143	166	186	184	182	181	179
Samtals nautgripasamningur	6.550	6.449	6.448	6.398	6.396	6.363	6.305	6.249	6.193	6.138

Tafla 2 – Gripagreiðslur.

Útdeiling gripagreiðslna - mjólkurkúr	Hlutfall greiðslu
1-50 kúr	100%
51-100 kúr	75%
101-140 kúr	50%
141-180 kúr	25%
>180 kúr	0%
Útdeiling gripagreiðslna - holdakúr	Hlutfall greiðslu
1-200 kúr	100%
201-220 kúr	75%
221-240 kúr	50%
241-260 kúr	25%
>260 kúr	0%

